

10. VÍSIR, 35. árg. 20. júlí 1945.
"Austantórur": Ritdómur eftir
Guðmund Arnason frá Múla.
-

Austantórirur.

Flestir, sem nokkur kynni hafa haft af Jóni Pálssyni, fyrrv. bankaféhirði, hafa hlótið að komast að raunum, að hann býr yfir fróðleik miklum frá liðnum árum og eigin athugunum. Hitt hafa, ef til vill, færri vitað, hve mikið hann hefir skráð af því efni. En nú er það að koma í ljós. Nýlega er kominn út bók eftir hann, sem nefnist Austantórirur, eða öllu fremur fyrsta hefti af safni hans. Í formála fyrir því er heitið framhaldi og mun margan fýsa í, er lesið hefir byrjunina. Von er á tveim heftum til viðbótar á þessu ári.

Heftið eða bókin byrjar á þáttum þriggja merkra manna úr Stokkseyrarhreppi hinum forna, þeirra Brands í Roðgúl, Kolbeins í Ranakoti og Þorleifs á Háeyri Kolbeinssonar. Allir eru þættirnir prýðilega sagðir og færa mikinn fróðleik og auka athuganir Guðna mag. Jónssonar, sem bjó bókina undir prentun, hann drjúgum. — Í þættinum af Kolbeini í Ranakoti er sagt frá burtför hans frá heimilinu með skuggalegum, óþekktum manni, í haustmyrkri, nestislausum og fáklæddum og kom hann eigi heim fyrr en að þrem dögum liðnum. — Enginn veit erindið og höf. er svo varkár og heiðarlegur að leiða ekki getur að. Þessi stutta frásögn lifgar þáttinn mjög og eykur gildi hans. Lesandinn fær tóm til að reyna að leysa gátuna. Af því hefir hann *gagn* og *gam-*

Eitt er það einkenni frábærra manna, að sagnir lifa um þá löngu eftir að þeir eru látnir, einkum þá, er hafa hafa spekimál á reiðum höndum. Þorleifur á Háeyri var einn þeirra. Enn lifa sagnir og tilsvör hans um allt Suðurland, þó mjög sé liðið á öld síðan hann var uppi. — Sjálfur Salómon má jafnvel vara sig. — Fagna mun því margur að fá nú „brot úr ævisögu“ Þorleifs, — en þykja helzti stutt. En þátturinn batnar við 2. og 3. lestur; svo efnisríkur er hann. Get eg þess til, að höf. hafi eigi viljað taka annað en það, sem hann vissi áreiðanlegar heimildir fyrir. Annað mál er það, hvort eigi sé meira en tími kominn til að safna spakmælum Þorleifs, ásamt tildrögum þeirra, í eina heild, líkt og kvæðum góðskálda. Sennilega kæmi enn margt í leitirnar, þó langt sé liðið og mikið glatað. Á það bendir hinn snjalli viðauki Árna próf. Pálssonar við þáttinn í Austantórirum. Og eigi er ósennilegt að Jón Pálsson eigi enn margt í fórum sínum um Þorleif, og bezt væri honum trúandi til að draga á land það sprek, sem enn liggur í hirðuleysi.

Síðari hluti bókarinnar er um veðurboða og athuganir höf. á því efni. Er þeim kafla skipt í 6 þætti og kennir þar margra graða og merkra. — Í þeim efnum hefir, að þessu, verið lítt numið land fyrir islenskra fræðimenn. Jón Pálsson riður á vaðið og lýsir veðurmerkjum frá Stokkseyri. En þar á hvert hérað sína sögu, og fáir munu góð-

ir veðurspámenn í sínu föðurlandi. Þar gætu þeir orðið undragóðir. Menn, sem áttu líf sitt og annara undir sollnum sæ, eða hjarðir sínar um öræfi ofar afdölum, komust tíðum svo langt í veðurspám að furðu gegnir fyrir fáfróða. Þeir sögðu oft fyrir um veður 5—6 daga. Þeir „litu til veðurs“. Nú er mönnum hættara við að hlusta á veðrið í húsum sínum. Og þó eigi skyldi gera lítið úr tækni og þekkingu, þá má viðurkenna um leið að hefluð og faguð tré geta brotnað engu síður en ótelgd, þegar mest á reynir.

Einn er sá höfuðkostur bókarinnar, hve þar úir og grúir af orðum, sem voru svo að segja á hvers manns vörum fram undir síðustu aldamót, en sem, jafnvel langskólagengið fólk, telur sig nú þurfa orðabók við til að skilja. Eitt af þeim er nafn bókarinnar. En þar er svo vel fyrir séð, að á káppunni er mynd af því, eftir þann málalann, sem mörg-

um sveitamanni hefir fundið að skygnist einna dýpst í dulmögn islenskra litbrigða. —

Einn galli finnst mér á bókinni. Það er mynd höfundarins. Eg þekki ekki það hornauga og þykir undarlegt ef eigi hefir verið af öðru og betra að taka. En hvað um það. Hafi höfundur og aðrir sem að bókinni hafa unnið þökk fyrir verkið.

Guðmundur Arnason
frá Múla.